

Ed.

420. Nefndarálit

um frv. til l. um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fellst á röksemdir þær, sem í greinargerð eru færðar fyrir því, að heppilegra sé, að sérstakur lífeyrissjóður sé stofnaður fyrir hjúkrunarkonur, en þeim eigi ætlað að gerast sjóðfélagar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 10. gr.
Í stað „50%“ í 2. másl. greinarinnar komi: 25%.
2. Við 19. gr.
Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944.

Alþingi, 15. nóv. 1943.

Pétur Magnússon,
form.

Bernh. Stefánsson,
fundaskr.

Haraldur Guðmundsson,
frsm.

Magnús Jónsson.